

Bygging þjónustuhúss við Drekgil

Undanfarið ár hefur staðið yfir bygging þjónustuhúss fyrir tjaldsvæðisgesti við Drekgil. Þörfin fyrir slíkt húsnæði er mikil þar sem aukin eftirspurn hefur orðið eftir því að gestir svæðisins hafi aðgang að aðstöðu til að matast og þurrka búnað sinn. Stjórn Ferðafélags Akureyrar ákvað því á stjórnarfundum þann 7. júlí 2017 að sækja um leyfi fyrir byggingu þjónustuhússins. Þá tók við tveggja ára ferli til að fá öll tilskilin leyfi.

Þann 14. ágúst 2019 var fyrsta skóflustungan svo tekin. Það ár voru steiptar undirstöður, byggður pallur í kring og gengið frá gólfbitum fyrir nýja húsið. Veturinn 2020 fékk félagið aðstöðu í húsnæði í eigu Samherja til að smíða veggeiningar hússins og bera á klæðningar. Þess má geta að þetta er þriðja húsið sem félagið byggir í aðstöðu Samherja og hefur fyrirtækið reynst félaginu mjög velviljað og traustur bakhjarl. Unnið var við húsið fram á vor en fyrsta bylgja Covid-19 stöðvaði þó framkvæmdir í nokkrar vikur.

Þann 13. júní 2020 hófust svo framkvæmdir á fjöllum og þann 3. júlí voru allir byggingarhlutarnir, sem unnið hafði verið að um veturinn, lestaðir á marga bíla og fluttir á staðinn. Daginn eftir var byrjað að reisa húsið og kom 20 manna vinnuhópur að verkinu. Síðan var haldið áfram með framkvæmdir allt sumarið en tveir til þrjú menn voru þar með fasta viðveru auk þess sem sjálfboðaliðar komu í nokkrar vinnuferðir. Síðasti dagur á fjöllum var 5. október, þá var búið að ljúka öllum frágangi utanhúss, húsið fullinangrað og búið að setja upp flesta milliveggi. Einnig var aðeins byrjað að klæða húsið að innan.

Húsið er 136 m² að grunnfleti en heildarstærð er 250 m². Í húsinu verður matsalur, þurrkherbergi og geymsla auk þess sem fimm herbergi verða á loftinu. Þau eru aðallega hugsuð sem aðstaða fyrir starfslið ferðamannahópa, sem koma á svæðið og vinnuhópa á vegum félagsins.

Áformað er að halda áfram þar sem frá var horfið strax og fært verður upp eftir í vor en áætluð verklok eru seinnipart sumars 2021. Það segir sig sjálft að mikil vinna stendur á bak við byggingu svona húss en mikið starf hefur verið unnið í sjálfboðavinnu. Hafa sjálfboðaliðar nú þegar skilað yfir 1000 klukkustundum í vinnu og kunnum við þeim kærar þakkir fyrir vel unnin störf.